

Verkmenntaskólinn á Akureyri

VMA

Erlent samstarf árið 2020

Skýrsla um alþjóðlegt samstarf VMA árið 2020

Mars 2021
Hildur Friðriksdóttir tók saman

1. Almennt um erlent samstarf

Verkmenntaskólinn á Akureyri leitast við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í þeim tilgangi að læra af öðrum og miðla þekkingu og reynslu. Skólinn leggur því áherslu á að veita nemendum og starfsfólki tækifæri til kynnast námi og starfi í öðrum löndum. Á þeim vettvangi standa skólanum til boða ýmsir kostir sem grundvallaðir eru með styrkjum úr Nordplus og Erasmus plus áætlunum. Skólinn fær auk þess á ári hverju fjölmargar heimsóknir frá erlendum skólum og stofnunum og eru slíkar heimsóknir oft nýttar til þess að styrkja erlent tengslanet skólans.

Gert er ráð fyrir að skólinn hafi frumkvæði að verkefnum sem koma sér vel fyrir nemendum hans og skólann í heild. Þau henti honum að stærð og umfangi auk þess sem lögð sé áhersla á að styrkir nægi að sem flestu leyti til að mæta fyrirsjáanlegum kostnaði. Í skólanum er starfandi verkefnisstjóri sem heldur utan um erlend samskipti. Hann bendir starfsmönnum og nemendum á þá kosti sem gætu hentað hverju sinni, aðstoðar við að fylla út umsóknir og miðlar verkefnum eftir því sem hentar hverju sinni.

Eðlilega höfðu ferðatakmarkanir vegna Covid töluverð áhrif á erlent samstarf skólans árið 2020. Þannig þurfti að blása af þó nokkrar náms- og starfsþjálfunarferðir sem búið var að skipuleggja og samstarfsverkefni þurftu að notast við fjarfundarfyrikomulag megnið af árinu í stað þess að halda samráðsfundi í raunheimum. En á árinu 2020 var VMA þátttakandi í sex erlendum samstarfsverkefnum; fimm sem styrkt eru af Erasmus og einu sem er styrkt af Nordplus. Eins voru nýttir styrkir úr Erasmus+ til að senda tólf nemendur og tvo starfsmenn í náms- og starfsþjálfunaraferðir erlendis.

2. Verkefni sem styrkt eru af Erasmus

Á árinu 2020 var VMA þátttakandi í fimm erlendum samstarfsverkefnum sem styrkt voru af Erasmus. Eins nýttum við styrki úr Erasmus+, svokallaða Mobility styrki, til að senda tólf nema og tvo starfsmenn í náms- og starfsþjálfun erlendis á árinu.

2.1 Ready for the World

Verkefnið er samvinnuverkefni þriggja skóla sem munu sameiginlega vinna að því að finna leiðir til að valdefla og aðstoða konur sem standa höllum fæti í samfélaginu. Þeir skólar sem taka þátt í verkefninu eru auk Verkmenntaskólans á Akureyri, SOSU Randers í Danmörku og Morgen College sem er hluti af Landstede skólunum sem eru staðsettir í Harderwijk í Hollandi. Hver skóli mun setja saman 10-15 manna nemendahópa með fjölbreyttan bakgrunn sem mun hittast í hverju landi fyrir sig og

vinna sameiginlega með þema verkefnisins. Nemendur af hug- og félagsvísindabraut munu taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA.

Umsjónarmaður verkefnisins er Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir, en auk hennar koma Valgerður Dögg Jónsdóttir og Jóhannes Árnason að verkefninu fyrir hönd VMA. Verkefnið hófst haustið 2020 og samkvæmt upprunalegri áætlun mun því ljúka í ágúst 2022. Vegna ferðatakmarkana í tengslum við Covid er þó líklegt að verkefnið verði framlegt um eitt ár.

2.2 VET 4 Change

Í þessu verkefni er leitast við að þróa aðferðir til að koma á betra samtali milli verknámsskóla og aðila sem koma að stefnumótun um byggðapróun. Verkefninu er enn fremur ætlað að gera þessum aðilum kleift að greina betur þarfir nærsamfélagsins þegar kemur að menntunarpörf. Þátttakendur í verkefninu auk VMA eru; MFR Grand Est Frakklandi, Breza Króatíu, BSC Slóveníu, IFOCAP Frakklandi, Inter Mondes Belgíu, Leader Union Eistlandi og GAL Cluj Napoca Rúmeníu. Verkefnið hófst haustið 2020 og áætlað er að því muni ljúka í ágúst 2022. Vegna ferðatakmarkana í tengslum við Covid er þó líklegt að verkefnið verði framlegt um eitt ár.

Hildur Friðriksdóttir og Jóhannes Árnason taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA en fyrirhugað er að einhverjir úr stjórnendateymi skólans komi einnig að verkefninu. Þá hefur VMA einnig leitað til SSNE með aðkomu að verkefninu í huga og þá er hugsanlegt að leitað verði til fleiri hagsmunaaðila á svæðinu í tengslum við verkefnið.

2.3 “Win-Win”

Verkefnið er norrænt Erasmus verkefni en það er framhaldsskólinn í Oppdal í Noregi sem sækir um verkefnið. Samstarfsaðilarnir eru þrír; VMA, Oppdal og Fjerritslev sem er skóli í bæ rétt hjá Álaborg í Danmörku. Skólarnir hafa síðan allir einn samstarfsaðila í verkefninu. Í Noregi er það knattspyrnufélagið í Oppdal, í Danmörku er það Feriecenter Sletterstrand og hér er það KA. Markmið verkefnisins er að bæta lýðheilsu í nærumhverfinu með auknu samstarfi milli lýðheilsu- og eða íþróttabrautir skólanna og annara aðila í nærsamfélaginu. Verkefnið gengur út á að fara með nemendahópa í heimsóknir til að upplifa mismunandi aðstæður til hreyfingar og íþróttaiðkunnar.

Jóhann Gunnar Jóhannsson og Ólafur Björnsson taka þátt í verkefninu fyrir hönd íþróttabrautar og Siguróli Magni Sigurðsson fyrir hönd KA. Áætlað var að ljúka verkefninu haustið 2020 með samráðsfundi á Akureyri en vegna ferðatakmarkana var ekki hægt að koma þeim fundi við. Í upphafi árs 2021 hittust verkefnastjórar á

fjarfundi og lögðu drög að lokaskýrslu. Verkefninu lýkur formlega eftir að búið er að skila inn lokaskýrslu.

2.4 VET@Work

Þetta verkefni er að sumu leyti beint framhald af WorkMentor og AppMentor sem VMA var einnig þátttakandi að. Helsta markmið verkefnisins er að þróa rafræna handbók sem inniheldur leiðbeiningar um með hvaða hætti sé best að standa að samstarfi milli skóla og vinnustaða þegar kemur að þjálfun verknámsnema. Þátttakendur í verkefni koma bæði frá menntakerfinu og atvinnulífinu. Samstarfsaðilir VMA í verkefninu eru Het Idee og Stichting Welzijn Lelystad frá Hollandi, Axxell Utbildning AB og Raseborgs stad frá Finnlandi, Nantes Terre Atlantique frá Frakklandi, Broadshoulders Ltd frá Bretlandi og Hársnyrtistofan Medulla.

Helstu þátttakendur úr VMA eru Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir og Harpa Birgisdóttir. Verkefnið hófst árið 2018 en því lýkur haustið 2021.

2.5 Rotten Shark and Aioli: Sharing Culinary Culture to Erase Differences

Hér er um að ræða samstarf tveggja skóla, matvælabrautar VMA og MFR La Tour d'Aigues í Suður Frakklandi. Franski skólinn er hluti af MFR kerfinu sem rekur marga litla skóla í dreifðum byggðum í Frakklandi og fleiri löndum. Markmið verkefnisins er að vinna með matarhefðir, bæði gamlar hefðir og nútíma matvælaframleiðslu og nýtingu á svæðunum sem skólarnir þjóna. Við hér í Eyjafirði skoðum eigin matvælaframleiðslu og nýtingu og það sama gera nemendur skólans í Frakklandi. Áætlað var að hópur nemenda og kennara kæmi til Akureyrar og að hópur úr VMA færi til Frakklands vorið 2020. Heimsóknunum hefur verið frestað um óákveðinn tíma vegna Covid-19 og að öllum líkindum verður sótt um framlengingu á verkefninu svo hægt sé að koma heimsóknunum við.

Helstu þátttakendur fyrir hönd VMA í verkefninu eru; Ari Hallgrímsson, Marína Sigurgeirsdóttir og nemendur af matvælabraut.

2.6 Nám og þjálfun í útlöndum

Seinustu ár hafa bæði nemendur og starfsfólk skólans farið erlendis í þeim tilgangi að kynna námi og starfi í öðrum löndum. Starfsmenn fara oft í þeim erindum að skoða möguleika á að senda nemendur eða til að fylgja nemendum í vinnustaðþjálfun. Þá hefur starfsfólk einnig farið í heimsóknir í erlenda skóla og stofnanir í þeim tilgangi að kynna sér erlenda skóla og fyrirtæki og fylgjast með

nýjungum í ýmsum faggreinum. Starfsfólk getur einnig sótt um styrk til þess að sinna gestakennslu erlendis eða til þess að fara í starfsþjálfun eða starfsspeglun í öðrum löndum. Nemendur geta fengið styrki til að fara í vinnustaðþjálfun eða námsdvöl erlendis allt frá tveimur vikum upp í 12 mánuði. Styrkirnir ná einnig til nýútskrifaðra nemenda, en hægt er að nýta styrk í allt að 12 mánuðum eftir útskrift.

Við höfum sent inn umsókn í Erasmus+ þar sem sótt er um styrki til náms eða starfsþjálfunar erlendis eða svokallaða Mobility styrki. Þessi umsókn hefur verið eyrnamerkt starfsnámi í viðum skilningi. Við lok árs 2020 var búið að ráðstafa tólf nemendastyrkjum í styttri dvöl, einum nemendastyrk í lengri dvöl og tveimur starfsmannastyrkjum. Nemendastyrkirnir fyrir styttri dvöl voru nýttir til þess að senda tíu nema af hársnyrtibraut til Malaga á Spáni í febrúar og tvo nema af sjúkraliðabraut til Randers í Danmörku í janúar.

Nemarnir af hársnyrtibrautinni heimsóttu háráðgjafarhúsið Grupo Nebro í Malaga sem var með fræðslu fyrir hópinn í nokkra daga og kynnti þeim viðbótar tækni og aðferðir bæði í hársnyrtið og fleiru sem snertir snyrtigeirann. Hópurinn lét vel af þessari ferð og reynslunni og þá lýsti Grupo Nebro yfir áhuga á frekara samstarfi. Nemarnir af sjúkraliðabraut fóru í þriggja vikna vinnustaðþjálfun á hjúkrunarheimilum í Randers í Danmörku. Þetta hefur verið reglulegt í þó nokkur ár og er unnið í samstarfi við SOSU Randers. Nemendastyrkurinn fyrir lengri dvöl var nýttur til þess að senda nema af matvælabraut starfsþjálfun á veitingastaðinn Brace í Kaupmannahöfn. Ætlunin var að hann yrði í sex mánuði en vegna COVID stýttist það tímabil í þrjár vikur. Starfsmannastyrkirnir voru nýttir til þess að senda tvo kennara af hársnyrtibraut, þær Hörpu Birgisdóttur og Hildi Salínu Ævarsdóttur, til að fylgja hópnum til Malaga á Spáni.

3. Verkefni sem styrkt eru af Nordplus

Árið 2020 var VMA þátttakandi að tveimur erlendum samstarfsverkefnum sem voru styrkt af Nordplus.

3.1 Empowerment by innovation - a must for inclusion

Viðskiptabraut VMA vinnur að verkefninu. Verkefnið gengur út á að hópar nemenda og kennara hittast í löndunum til að vinna að ákveðnum verkefnum. Í verkefninu er verið að fjalla um það að frumkvöðlastarfsemi og sköpun skiptir miklu máli þegar við ræðum um það að innfluttir íbúar komist að fullu leyti inn í samfélagið. Það er mikilvægt að ræða um það og nemendahóparnir munu vinna með þessi mál. Hópur nemenda úr VMA fór með Katrínu Harðardóttur til Porvoo í Finnlandi í október 2019. Frekari heimsóknnum hefur verið frestað vegna Covid-19.

3.2 Vikingernes fremmarch i land og sprog

Verkefnið er tveggja ára tungumála- og lestrarverkefni (Nordplus Nordic Language) á milli fjögurra samstarfsskóla á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Markmið verkefnisins er að auka þekkingu og skilning nemenda á tungumálum Norðurlandanna, sögu, menningu og samfélag. Þá er einnig markmið verkefnisins að þróa kennsluefni sem hægt er að nota við kennslu á norrænum tungumálum og norrænni tungumálasögu. Tveir kennarar frá hverjum skóla munu kenna eina viku í senn í einum samstarfsskólanna hvort árið um sig. Anette de Vink, Snorri Björnsson og Sigríður Albertsdóttir hafa tekið þátt í verkefninu fyrir hönd VMA. Á ætlað var að ljúka verkefninu haustið 2020 en vegna ferðatakmarkana í tengslum við Covid hefur því verið frestað um ár.

4. Móttaka á erlendum nemum

VMA hefur um árabil tekið á móti nemum frá erlendum samstarfsskólum sem hafa óskað eftir því að koma hingað til Akureyrar í vinnustaðþjálfun. Í þeim tilfellum hefur skólinn haft milligöngu um að finna vinnustaði við hæfi og séð um að útvega nemum húsnæði og annars konar stuðning eftir þörfum. Á árinu 2020 sá VMA um móttöku á fimm erlendum nemum frá tveimur samstarfsaðilum skólans. Þrír nemar komu frá SOSU Herning og voru í þjálfun á Hlíð í þrjár vikur í janúar og febrúar og tveir nemar komu frá August Sander Schule í Berlín en þær fóru í vinnustaðþjálfun á leikskólum á Akureyri í febrúar og mars. Áætlað var að taka móti fleirum; einum nema í rafeindatækni frá Frakklandi og nokkrum nemum og kennurum af byggingadeild EUC Lillebælt í Danmörku, en vegna ferðatakmarkana í tengslum við Covid fóru þær heimsóknir forgörðum.

5. Heimsóknir í skólann frá erlendum aðilum

Verkmenntaskólinn fær á hverju ári fjölmargar heimsóknir frá erlendum aðilum. Flestar heimsóknirnar eru frá aðilum sem hafa áhuga á einhvers konar samstarfi við skólann og koma hingað til þess að kynna sér aðstæður og umgjörð skólans. Þá fær skólinn einnig margar heimsóknir frá virkum samstarfsaðilum sem koma hingað í þeim tilgangi að styrkja samstarfið og/eða til þess að fylgja nemum sínum eftir sem þeir senda hingað í vinnustaðanám. Á árinu 2020 fékk skólinn yværliga heimsóknir frá erlendum skólum eða stofnunum og er það heldur minna en í venjulegu árferði. Búið var að undirbúa móttöku á fleiri heimsóknum á vorönn 2020 sem þurfti að blása af sökum ferðatakmarkana.

5.1 Starfsspeglun kennara frá Frakklandi

Stephanie Nersessian kennari við framhaldsskólann Les Trois Sources í suðaustur Frakklandi dvaldi á Akureyri dagana 9. - 19. febrúar 2020. Skólinn hennar sendi nokkra kennara til mismunandi landa til að kynna skólum og umhverfi þeirra. Hún skoðaði VMA mjög vel og kynntist mörgum þáttum í starfi skólans ásamt því að fara í heimsókn í SÍMEY, HA, Hlíð og fleiri staði.

5.2 Heimsókn frá August Sander Schule

Dagana 17. - 22. febrúar fékk VMA heimsókn frá kennara August Sander Schule í Berlín. Hún heitir Katharina Lubosch og er sérkennari. Hún hafði fylgt hingað nemum sem komu hingað í vinnustaðþjálfun. Katharina heimsótti leikskólana sem nemarnir voru á, en var líka í VMA í nokkra daga til að kynna skólanum og horfa í kringum sig.

6. Umsóknir

VMA kom að fjórum umsóknum að Erasmus styrkjum á árinu 2020. Þar af var ein umsókn um svokallaða Mobility styrki fyrir náms- og starfsþjálfunarferðir nemenda og starfsfólks og þrjár umsóknir um styrki fyrir samstarfsverkefni.

6.1 Umsókn um Mobility styrki

Í mars sendi VMA inn umsókn þar sem óskað var eftir 16 nemendastyrkjum og sex starfsmannastyrkjum. Umsóknin var samþykkt nánast óbreytt. Vegna ferðatakmarkana í tengslum við Covid hefur enn ekkert verið notað af þessum

styrkjum. Við lok árs 2020 hafði VMA því enn til ráðstöfunar 22 styrki sem eru eyrnamerkir náms- og þjálfunarferðum nemenda og starfsfólks.

6.2 Umsókn um samstarfsverkefni

VMA var aðili að þremur styrkumsóknum sem sneru að samstarfsverkefnum. Verkefnið Digital VET átti að ganga út á að þróa stafrænar kennsluaðferðir í verknámi. Þeir sem komu að umsókninni auk VMA voru Omnia í Finnlandi, KRTC í Eistlandi, SSGT í Slóveníu, ATEC Training Academy í Portúgal, RBZ í Þýskalandi og De Leijgraaf í Hollandi. Haukur Eiríksson og Magni Magnússon voru búnir að samþykka að taka þátt í verkefninu fyrir hönd VMA og þá var kennslumiðstöð HA einnig búin að samþykka að taka þátt í verkefninu sem sérstakur stuðningsaðili VMA. Umsóknin fékk því miður ekki brautargengi.

HR átti frumkvæði að umsókn um verkefnið Artificial Intelligence for everybody sem VMA kom að ásamt HÍ og háskóla í Bielefeld í Þýskalandi. Verkefnið gengur út á að prófa stafræn kennslugögn sem notast við gervigreind. Umsóknin var samþykkt en verkefnið mun hefjast formlega á vormánuðum 2021.

VMA átt einnig aðild að umsókn um verkefnið THIG sem danski fjöllistahópurinn Wunderland stendur á bakvið. Aðkoma VMA að verkefninu yrði sú að útvega nemendur sem gætu þjónað sem svokallað „test audience“ sem myndu „prufukeyra“ verkið með þeim og hjálpað þeim að móta verkið betur að aðstæðum með endurgjöf. Ekki hefur enn borist svar við þeirri umsókn en ef af verkefninu verður mun hópurinn koma til Íslands vorið 2023.